



## Minnisblað sveitarstjóra vegna breytinga á álagningu og gjaldskrám

Hér má sjá helstu breytingar sem gerðar eru tillögur um varðandi álagningu og gjaldskrár fyrir 2023:

Tillaga er um að útsvar verði óbreytt eða 14,52%

Lækkun á álagningarprósentu í A flokki úr 0,50% í 0,47% af fasteignamati. Gert til að mæta hækkun á fasteignamati.

Hækkun um 0,05% á álagningarprósentu í C flokki eða úr 1,50% í 1,55% af fasteignamati.

Sveitarstjórn Flóahrepps lækkaði álagningarprósentu í C flokki úr 1,62% í covid til að mæta atvinnurekendum og er því verið að hækka án þess að fara alla leið til baka líkt og var fyrir covid.

Vatnsgjald Vatnsveitu Flóahrepps tekur ekki breytingum á milli ára en venjan er að gjaldið sé vísitolutengt. Ef farið væri eftir vísitölu myndi vatnsgjaldið hækka. Hér er verið að mæta hækkun á fasteignamati á annan hátt en bara með lækkun á álagningarprósentu.

Gjaldskrá fyrir seyrulosun er byggð á gjaldskrá Hrunamannahrepps sem hefur umsýslu með Seyruverkefninu sem Flóahreppur er aðili að. Árlegt seyrulosunargjald hækkar um 2802 kr á ári. Þrátt fyrir hækkun á gjaldinu þá greiðir sveitarfélagið áfram með þessari þjónustu.

Óhjákvæmilegt er að sorphirðugjöld hækki með tilkomu nýrra laga um meðhöndlun úrgangs sem taka gildi 1. janúar 2023. Með nýju lögnum er gert ráð fyrir hugsuninni „borgað þegar hent er“ þar sem íbúar skulu greiða sem næst raunkostnaði fyrir þann úrgang sem til fellur vegna heimilishalds eða rekstrar. Síðustu ár hefur Flóahreppur greitt töluvert með sorphirðu, afsetningu og rekstri sorpkerfisins. Tillaga um sorpeyðingargjald er 23.000 kr en það var 20.323 kr árið 2022.

Sorpeyðingagjald er lagt á allt íbúðar- frístunda- og atvinnuhúsnaði í sveitarféluginu. Gjaldið kemur að hluta upp í það fasta gjald sem sveitarfélagið greiðir í rekstur sorpkerfisins en sveitarfélagið er að greiða með þessum hluta.

Gjalddagareglur fasteignagjalda (sorphirða, vatnsgjald, seyrulosun, lóðarleiga og fasteignagjöld) breytast á þann hátt að það bætist við einn gjalddagi fyrir greiðslur 60.000 kr og hærri og því verða 10 gjalddagar í stað 9.

Í tillögu að gjaldskrá félagsheimila eru töluverðar breytingar gerðar sem snúa að því að tillaga er gerð um að sér verð sé sett á veislur eða ættarmót sem fara fram á einum degi. Að auki eru verð samræmd fyrir leigu fyrir brúðkaup með aukadegi og ættarmóti sem er helgarleiga. Áður var leiga fyrir brúðkaup mun lægri en leiga fyrir ættarmót. Sér gjaldskrá fyrir tjaldstæði er tekin út ásamt gjaldskrá fyrir þjórsárver. Að öðru leyti er gert ráð fyrir 5% hækkun í takt við verðlagsþróun.

Gjaldskrá fyrir hundahald er að mestu óbreytt fyrir utan að gjald fyrir föngun, vörlu og auglýsingargjald hækkar úr 26.000 kr í 28.000 kr.

Þann 1. febrúar ætti að óbreytu að verða breytingar skv. vísitölu á gjaldskrám fyrir skólamáltíðir, frístund og á leikskólagjöldum. Sveitarstjórn mun fjalla um þær gjaldskrár og taka til endurskoðunar í janúar 2023.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*